


FRÉTTIR



Erró

Fríða Á.
SigurðardóttirGunnar
EyjólfssonGuðbergur
BergssonHerdís
ÞorvaldsdóttirRóbert
ArnfinnssonRúrik
HaraldssonÞorsteinn
frá HamriÞráinn
BertelssonÞuríður
Pálsdóttir

TÍU LISTAMÖNNUM hefur verið bætt í þann flokk manna sem hlýtur heiðurslaun listamanna, samkvæmt breytingartillögu sem fram kom í gær á Alþingi við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2001 og er þetta veruleg fjölgun í hópnun.

Nýliðarnir í heiðurslaunaflokknum eru listmálarinn Erró, rithöfundarnir Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson og Þorsteinn frá Hamri, leikararnir Gunnar Eyjólfsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Róbert Arnfinnsson og Rúrik Haraldsson, Þuríður Pálsdóttir söngkona og Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður.

Hvert þeirra fær 1,5 milljónir frá Alþingi á næsta ári. Launin hækka úr 1.200 þúsundum á þessu

ári eða um fjórðung. Þar sem 21 listamaður er í flokknum nemur fjárveitingin 31,5 milljónum króna. Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður menntamálanefndar, sagði þessa miklu aukningu fyrst og fremst mega rekja til vilja þingsins til að styðja við bakíð á listum í landinu og listamönnum þjóðarinnar og sýna þeim þann heiður og sóma sem þeim ber.

Einhugur ríkti um valið

Það er í verkahring menntamálanefndar Alþingis að tilnefna listamennina. Að verkinu koma allir nefndarmenn sem leggja fram tillögur sínar auk þess sem aðilum utan hennar gefst færi á ábendingum. „Það er horft til allra ábendinganna og eftir fundahöld leggur formaður hennar, Sigríður Anna Þórðardóttir,

fram samræmingartillögu,“ segir Ólafur Örn, aðspurður um vinnuferli valsins.

Ólafur segir að líkt og fyrri ár hafi mikill einhugur ríkt um valið meðal nefndarmanna og stærsti vandinn hafi verið að velja úr þeim stóra hópi listamanna sem komu til greina. „Það eru svo margir sem eiga þennan heiður skilinn og auðvitað voru áherslur manna misjafnar í undirbúnings-

vinnunni. Við komumst þó að lokum að niðurstöðu sem allir eru ánægðir með enda standa listamennirnir sem nú hafa verið valdir fyllilega undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra. Þetta eru allt framúrskarandi listamenn sem hafa margir hverjir verið frumkvöðlar á sínu sviði.“

Fyrir fjölgunina voru 11 listamenn í heiðurslaunaflokknum, þau Atli Heimir Sveinsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Hannes Pétursson, Jón Nordal, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson. Tveir heiðurslistamenn, þeir Indriði G. Þorsteinsson og Jón úr Vör, létust á árinu.

Farþegum vísað frá borði Flugleiðapotu í flugi til Mexíkó vegna óspekta og líkamsmeiðinga

Flugleiðir íhuga mál-sókn á hendur farþega

FJÓRUM farþegum var vísað frá borði Flugleiðavélar á leið til Mexíkó á mánudag vegna ólvunar og annarra óspekta. Fólkið, sem er á miðjum aldri, sinni í engu beiðni flugfreyja og -þjóna að hafa hægt um sig og réðst einn farþeganna á flugfreyju og veitti henni áverka. Flugstjóri vélarinnar hafði samband við flugvallaryfirvöld í Minneapolis og óskaði eftir aðstoð lögreglu til að fjarlægja óeirðaseggina en fyrirhugað hafði verið að millilenda í borginni til að taka eldsneyti og skipta um áhöfn. Þegar fjórmenningarnir voru komnir í vörslu lögreglu hélt vélin svo áleiðis til Mexíkó.

Guðjón Arngrímsson talsmaður Flugleiða sagði málið mjög alvarlegt og tekið yrdi á því af viðeigandi festu. „Flugleiðir líða ekki að starfsfólki þess sé misboðið og öryggi flugsins ógnað. Það er vert að minna á að vélar félagsins eru innan íslenskrar lögsögu og fólk sem hagar sér dólgslega þar þarf að svara fyrir gjörðir sínar líkt og annars staðar hér á landi.“ Guðjón segir flugáhafnir fá sérstaka þjálfun í því hvernig takast eigi á við

slík tilfelli, bæði í grunnþjálfuninni og einnig á námskeiðum sem séu haldin reglulega hjá Flugleiðum.

Flugleiðir íhuga nú kærnu og málsókn á hendur þeim farþega sem hér á hlut að máli.

Aðspurður sagði Guðjón tilfelli af þessu tagi vera fátíð hjá félaginu og kæmu aðeins einstaka sinnum fyrir. Hins vegar virtist tíðnin í heild vera að aukast á alþjóðavísu og væri í samræmi við aukinn farþegafjölda í fluginu.

Áhyggjur af vaxandi ofbeldi farþega gegn flugáhöfnum

Þóra Sen talsmaður Flugfreyjufélags Íslands sagði í samtali við Morgunblaðið að þetta mál væri mjög alvarlegt og ýtti undir vaxandi áhyggjur Flugfreyjufélagsins af auknu ofbeldi í flugvélum. Þóra segir stór alþjóðleg flugfélög eins og British Airways, KLM og SAS hafa gripið til ýmissa aðferða til að sporna við þessari óheillavænlegu þróun, s.s. að setja óeirðaseggi á bannlista og kalla til lögreglu á flugvöllum líkt og gert hefði verið á mánudag í Flugleiðavélinni. Í Bandaríkjunum hafa auk þessa

verið settar upp aðvaranir á flugvöllum þar sem farþegum er bent á að bannað sé að neyta áfengis úr eigin birgðum í vélunum og brot á þessu varði sektum og jafnvel varðhaldi, en óhófleg áfengisneysla er í mörgum tilfellum rót vandans. Allmörg flugfélög hafi einnig sett handjárn og ólar í vélar sínar til að auðvelda starfsfólki að yfirbuga farþega þegar allt annað bregst. Þetta tíðkast ekki hér á landi. „Í nærliggjandi löndum væri lítið á þetta sem glæp. Fólk sem hagar sér svona í flugvélum getur ógnað öryggi allra farþeganna um borð. Það er vel hægt að ímynda sér hræðsluna sem getur skapast í vélinni þegar svona óeirðaseggur gengur berserksgang. Þú ert inni í lokuðu rými í 37.000 feta hæð og þú kemst ekkert. Það vill enginn vera í þessum sporum.“

Þóra segir það vera á áhyrgð flugfélaganna að taka sem fyrst á þessu vaxandi ofbeldi farþega gegn flugáhöfnum og sjá til þess að fólk sem veldur slíkri hættu í flugvélum sé í öllum tilfellum kært og látið svara til saka fyrir dómstólum.

„Við höfum verulegar áhyggjur af þessu – þessu verður að linna.“

Áfengi, lyf og flughræðsla geta leitt til vandræða

Í skýrslu frá Flugmálastjórn Bandaríkjana um öryggismál í flugvélum segir að áhafnir flugvéla hafi áhyggjur af starfsöryggi sínu um borð þar sem fjöldi atvika af þessu tagi hafi margfaldast. Bandaríska flugfélagið American Airlines tilkynnti árið 1995 140 ofbeldisatvik sem beint hafði verið að starfsfólki flugvéla þess á móti 33 árinu áður. Í sömu skýrslu kemur fram að flestir þeirra sem eru til vandræða í háloftunum eru olvaðir karlmenn á leið í fri. Áhrif alkóhóls aukast þegar komið er í flughæð og sé lyfja neitt í ofanálæg þurfi stundum lítið út af að bera til að fólk missi stjórn á skapi sínu. Ofbeldisverk í flugvélum hafa einnig verið rakin til seinkana á áætluðum flugvélum, þrængsla í farþegarými auk streitu vegna reykingabanns og flughræðslu. Ofbeldis tilfelli eru einnig fimm sinnum algengari í millilandaflugi en innanlandsflugi.



Morgunblaðið/Kristján

Spennandi útstillingar

LEIKSKÓLABÖRNUM á Akureyri finnst jafnan spennandi að fara í bæinn og þá ekki síst á þessum árstíma. Verslunareigendur hafa keppt við að skreyta

glugga sína fyrir jólin og þar er því margt skemmtilegt að sjá, eins og þessi fríði hópur frá Krógabóli varð vitni að á ferð sinni um miðbæinn.

Loftslagsfundum í Ottawa lokið án samkomulags

„Töluvert miðaði áfram“

„ÞAÐ hefur miðað töluvert áfram við að finna leiðir sem gætu leitt til samkomulags. Það er mjög jákvætt en þó er ekki hægt að segja að það sé kominn lausn,“ sagði Halldór Þorgeirsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, í gærkvöldi um lokaðar fundi sem nokkur ríki hafa haft með sér í Ottawa í Kanada undanfarna daga til að reyna að finna lausn á deilum um losun gróðurhúsalofttegunda.

Eftir að loftslagsráðstefnunni í Haag lauk án samkomulags í síðasta mánuði hvatti forseti ráðstefnunnar aðildarríkin til að ræða áfram saman og reyna að ná samkomulagi fyrir framhaldsfund sem haldinn verður í Bonn í vor. Fundirnir í Ottawa voru liðir í þeirri vinnu og lauk þeim í gærkvöldi. Þar sátu annars vegar fulltrúar Evrópusambandsins og hins vegar fulltrúar fjögurra ríkja úr

regnhlífarhópnun, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Ástralíu, auk fulltrúa Íslands, Noregs og Hollands.

Á fundunum í Kanada var rætt um bindinguna, hvernig eigi að framfylgja sáttmálanum og hvort takmarka eigi svigrúm til viðskipta með útblásturskvóta. Stærsta málið í bindingunni er deilan um það hvort meta eigi að fullu upptöku í skógi sem var til árið 1990 en einnig kom til umræðu tillaga Íslands um að binding við landgræðslu verði metin.

Að sögn Halldórs voru fundirnir fyllilega þess virði að halda þá þótt ekki næðist samkomulag. Tekist hafi að skýra betur hver ágreiningurinn raunverulega sé og töluvert hafi miðað í að finna leiðir sem leitt gætu til samkomulags. Möguleikar á ráðherrafundi í Osló verða metnir eftir helgi.

D-STRESS NUIT

Sléttari húð, aukinn ljómi og fullkomin ró.

Róandi næturkrem sem færir húðinni vítamín, aukinn ljóma og losar hana við þreytumerki. D-STRESS NUIT vinnur gegn streituveikendum húðarinnar í öllum desembermánaðar.



Útsölustaðir:

Andorra Hafnarfirði, Bjarg Akranesi, Bylgjan Kópavogi, Fína Mostellsæ, Hjá Maríu Amaró, Akureyri, Hygea Krínglunni, Hygea Laugavegi, Snýrtivörverslunin Glæsibæ.

BIOHERM